

Skipulagsstofnun
Borgartúni 7b,
105 Reykjavík

Garðabær, 10. nóvember 2025
202510-0033/A.B.
08.03

Efni: Umsögn - Mat á umhverfisáhrifum – Matskyldufyrirspurn- Sundahöfn - Lenging Sundabakka

Vísað er í erindi Skipulagsstofnunar er barst 8. október sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúruverndarstofnunar vegna fyrirhugaðrar lengingar Sundabakka í Sundahöfn í Reykjavík.

Framkvæmdarlýsing

Í greinargerð framkvæmdaraðila, Faxaflóahafna sf., kemur fram að fyrirhugað sé að lengja Sundabakka um 230 metra til að bæta upp skerðingu á hafnarbakkarými sem hlýst af áformum um Sundabraut yfir Kleppsvík. Við lenginguna myndast 4,9 ha landfylling sem verði nýtt sem þjónustu- og athafnasvæði fyrir hafnarstarfsemi. Heildarefnispörf er áætluð um 700.000 m³, þar af allt að 300.000 m³ dýpkunarefni, ef slíkt efni verður tiltækt við framkvæmdatíma.

Framkvæmdasvæðið er innan Sundahafnar, sem er þegar manngert hafnar­svæði þar sem fjöldi landfyllinga og dýpkana hefur farið fram á undanförunum áratugum. Engin náttúruleg strandlengja er eftir innan svæðisins. Landfyllingin kemur utan á fyrri landfyllingar og er alfarið innan svæðis sem hefur áður verið raskað vegna hafnarframkvæmda.

Í næsta nágrenni eru þó svæði á náttúruminjaskrá, þar á meðal Viðey, Engey og Gufuneshöfði, og innsti hluti Elliða- og Grafarvogs er skilgreindur sem mikilvægt fuglasvæði og tillaga á B-hluta náttúruminjaskrár.

Sundabraut

Í greinargerð segir að með nýjum áformum um Sundabraut, sem nú er í umhverfismatsferli, þar sem líklegast er að Sundabrá yfir Kleppsvík verði fyrir valinu, mun hafnarbakkinn Vogabakki skerast í tvennt til móts við Holtaveg.

Náttúruverndarstofnun bendir á að fyrirhuguð lenging Sundabakka byggir alfarið á þeirri forsendu að brúarkostur Sundabrautar yfir Kleppsvík (Sundabrá) verði fyrir valinu. Ef ákveðið yrði að ráðast í Sundagöng í stað brúar, virðist sem fyrir­liggjandi framkvæmd ekki lengur þjóna þeim tilgangi sem segir í greinargerð framkvæmdaraðila. Því þarf að hafa í huga hvort að ákvörðun um matsskyldu fyrir lengingu Sundabakka verði tekin í samhengi við niðurstöðu umhverfismats Sundabrautar og þá aðalskipulagsbreytingu sem nú er í vinnslu.

Efnisnotkun

Náttúruverndarstofnun leggur áherslu á að allt efni sem nýtt er í landfyllingu sé ómengað og uppfylli gæðakröfur fyrir fyllingarefni við hafnarmannvirki. Gera þarf grein fyrir uppruna, magni og meðferð efnis.

Við áframhaldandi hönnun og leyfisveitingar þarf að leggja fram nánari upplýsingar um efnisflutninga og losunaraðferðir, til að fyrirbyggja gruggmyndun.

Fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið þar sem landfyllingin er fyrirhuguð sé alfarið innan raskaðs hafnarsvæðis, þar sem hafnarframkvæmdir og iðnaðarstarfsemi hafa staðið yfir um langt skeið. Ekki séu þar náttúruleg búsvæði fugla heldur manngerður sjávarbotn.

Samkvæmt rannsókn Hafrannsóknastofnunar (2025) um vatnshlotið *Innri Sund–Elliðavogur–Grafarvogur (101-1303-C)* er vistfræðilegt ástand svæðisins talið mjög gott, en botndýralíf innan Sundahafnar er takmarkað og í endurheimt eftir fyrri framkvæmdir. Fæðuframboð fyrir fugla er því lítið og háð tímabundnum breytingum við framkvæmdir eða hafnarrekstur. Svæðið getur þó nýst tímabundið sem fæðusvæði fyrir æðarfugl, toppönd, toppskarfa og máfa sem sækja í smádýr og fisk við hafnarmannvirki.

Náttúruverndarstofnun bendir á að Sundahöfn er í nánasta nágrenni við mikilvægt fuglasvæði í Elliðavogi og Grafarvogi, sem hafa verið tilnefnd á B-hluta náttúruminjaskrár. Að mati stofnunarinnar er líklegt að áhrif framkvæmdarinnar á fuglalíf verði óveruleg innan hafnarsvæðisins, en leggja þarf mat á hvort grugg geti borist út fyrir svæðið með sjávarstraumum.

Stofnunin bendir jafnframt á að framkvæmdin taki ekki sérstaklega mið af stefnu Reykjavíkurborgar um líffræðilega fjölbreytni, sem miðar að vernd og endurheimt búsvæða og vöktun á lífríki. Ef framkvæmdin verður heimiluð er brýnt að settar verði mótvægisáðgerðir, svo sem stuðningur við endurheimt strandvistkerfa í Elliðavogi eða Grafarvogi.

Stofnunin leggur til að:

- framkvæmd sé tímasett utan viðkvæman fartíma farfugla eftir því sem unnt er,
- forðast sé ónauðsynlegan hávaða, ljós og næturvinnu á framkvæmdatíma,
- að vöktun fuglalífs í Elliðavogi og Grafarvogi verði samræmd öðrum vöktunaráætlunum á svæðinu.

Samlegðaráhrif og framtíðarsýn

Í greinargerð er ekki sérstaklega fjallað um samlegðaráhrif framkvæmdarinnar, þótt vísað sé til Sundabrautar og nýtingar efnis úr Viðeyjarsundi. Svæðið hefur þegar verið undir miklu álagi vegna endurtekinna landfyllingar, dýpkunar og hafnarstarfsemi, og endurheimt lífríkis er takmörkuð.

Framkvæmdin tengist jafnframt áformum um Sundabraut og reglulegum dýpkunarframkvæmdum í Sundahöfn.

Niðurstaða

Að mati Náttúruverndarstofnunar fer fyrirhuguð landfylling og framlenging Sundabakka fram á þegar röskuðu hafnarsvæði þar sem hafnarframkvæmdir, uppfyllingar og dýpkun hafa staðið yfir um langt skeið. Engin náttúruleg búsvæði eru innan framkvæmdasvæðis og vistfræðilegt gildi þess er takmarkað.

Að mati stofnunarinnar er framkvæmdin því ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif í skilningi laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana, og því ekki þörf á frekara mati á umhverfisáhrifum, að því gefnu að vöktun, hugað sé að endurheimt og mótvægisáðgerðir verði útfærðar í samræmi við leyfisskilmála.

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Pórdís Vilhelmína Bragadóttir

sérfræðingur